



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á hátíðarsamkomu
í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands
Kaupmannahöfn
10. október 2018**

Yðar hátign,
yðar konunglegu tignir,
þingforsetar og forsætisráðherrar Danmerkur og Íslands,
aðrir góðir gestir!

„Í dag er merkisdagur. ... Ísland er sjálfstætt og fullvalda ríki.“ Með þessum orðum hóf Elka Björnsdóttir, verkakona í Reykjavík, dagbók sína sunnudaginn 1. desember 1918. Í íslenskum anda lýsti hún veðrinu í þaula, „alheiðríkt og rauð og fögur skammdegissólin skínandi yfir alt; jörð auð en héluð og fjöllin hvít-typt, blæjalogn.“ Að kvöldi loguðu svo norðurljósín. „Ég er glöð yfir þessum degi,“ skrifaði Elka undir miðnætti: „sumir eru tortryggirnir. ... Guð veit hvað nú er fram undan.“

Góðir áheyrendur: Ég þakka dönskum gestgjöfum okkar þá rausnarlegu velvild og þann hlýhug sem við Íslendingar höfum notið hér í kvöld. Ekki síður þakka ég listafólkinu íslenska og danska fyrir þeirra frábæra framlag. Meira er í vændum, við skulum ekki verja tíma okkar í langar ræður.

Til þessarar hátíðarsamkomu er boðað til að minnast aldarafmælis fullveldis Íslands og sambandslaganna frá 1918. Fullveldi Íslands var sjálfsagt þá og algert sjálfstæði síðar, eftir að sambandslögin höfðu þjónað tilgangi sínum. Fólkið heima hugsaði eins og Björk söng síðar í þekktu lagi sínu: „Declare Independence“:

With a flag and a trumpet,
go to the top of your highest mountain.
And raise your flag (higher, higher).
Declare independence.

Vissulega varð ágreiningur um lokaskrefið 1944, þegar Ísland varð lýðveldi í miðju stríði. Dönsk stjórnvöld virtu hins vegar ákvörðun íslensku þjóðarinnar og nú er það helst í verkahring sagnfræðinga að ræða þá sögu alla. Um áratugaskeið hefur ríkt vinskapur milli Íslands og Danmerkur, tveggja sjálfstæðra ríkja sem eiga allt undir því að friður ríki í heiminum, virðing borin fyrir alþjóðalögum og algildum mannréttindum, lýðfrelsi, jafnrétti og náttúruvernd skipað í öndvegi. Þjóðir lifa en helstu áskoranir okkar daga eru hnattrænar, landamærum ofar.

Yðar hátign, háttvirtir áheyrendur! Um miðja nítjándu öld bjó í Kaupmannahöfn Jónas Hallgrímsson, náttúruvísindamaður sem lést ungur hér í grennd en varð eitt ástsælasta skáld okkar. Í kvæðinu „Íslandi“ yrkir Jónas um landið og sögu fólksins, um Alþingi Íslendinga sem hafi eitt sinn verið sveipað ljóma en sé nú svipur hjá sjón. Leyfið mér að flytja upphaf þess á íslensku, okkar „ástkæra, ylhýra máli“ eins og Jónas kvað:

Ísland! farsældafrón
og hagsælda hrímhvíta móðir!
Hvar er þín fornaldarfrægð,
frelsið og manndáðin best?

Í danskri þýðingu Olafs Hansens hljóma orð Jónasar svo:

Island, herlige Ø,
du rige, du rimgraa Moder!
Hvor er din Fortidsfærd,
Frihed og mandige Daad?

Hér er vel ort – og þýtt. Fátt lýsir betur heilbrigðri ættjarðarást en óður Jónasar Hallgrímssonar til Íslands. Fátt er íslenskara en þetta kvæði, ein helsta gersemi íslenskrar tungu. En hugum samt að öðru: samhengi, uppruna og innblæstri.

Kæru Danir: Ykkar eigið þjóðskáld, Adam Oehlenschläger, hafði áður ort um Ísland, í samnefndu kvæði. Það hefst svo:

Island! hellige Øe! Ihukommelsens vældigste Tempel!
Hen til din fiernede Kyst vifte Gud Bragi min Sang.

Hliðstæðan er augljós, enda hafði Jónas heillast af hinum danska orðjöfri. Gleymum því ekki heldur að í listfengi sínu sóttu skáldbræðurnir langt út fyrir landsteina Íslands og Danmerkur. Þannig eru kvæði beggja ort undir forngrískum bragarháttum og Jónas lagaði þá að íslenskri hefð. Og þannig fléttast saman hið þjóðlega og hið alþjóðlega, hið gamla og hið nýja. Þetta veit fólk í heimi listanna eins og við finnum svo vel hér í kvöld. Þetta viðhorf, þessi víðsýni, þarf líka að ríkja í hnattvæddri veröld nýrra tíma.

Kæru vinir: Margt í íslensku samfélagi á rætur sínar hér í Danmörku. Hingað sóttum við æðri menntun og iðnnám, héðan komu ýmsar hefðir og venjur á sviði stjórnskipunar og margt í okkar dægurmenningu. Og hérna voru handritin íslensku, okkar sameiginlegi norræni menningararfur, varðveitt um aldir uns stórum hluta þeirra var skilað til Íslands. Til þess þurfti höfðingsbrag, það ber að þakka.

Ég ítreka líka þakkir til gestgjafa okkar hér í kvöld. Megi íbúum Íslands og Danmerkur áfram vegna vel, okkur eru allir vegir færir. „Om lidt bli‘r her stille," og „om lidt er vi borte," eins og segir í laginu, en sjáumst endilega á ný.